

SÁTTAMIÐLUN

E-512-MEDI

Ár: 2 og 3 ár

Önn: Haustönn

Skipulag: 3 stundir á viku í 12 vikur

ECT: 6

Tegund námskeiðs: Valáfangi

Undanfarar: Engir

Tungumál: Íslenska

Lýsing:

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist heildstæða þekkingu á aðferðarfræði sáttamiðlunar og aukna færni í mannlegum samskiptum. Læri að beita skapandi hugsun við úrlausn ágreiningsmála og öðlist hæfni til að greina raunverulega ástæðu deilumála. Enn fremur hvernig beita skuli virkri hlustun við úrlausn ágreiningsefna og beita spurningatækni til að öðlast skilning á eðli ágreinings.

Farið yfir grunnatriði sáttamiðlunar sem er vaxandi leið við lausn ágreiningsmála út um allan heim. Farið verður yfir ferli sáttamiðlunar og þær kröfur sem gerðar eru til sáttamiðlara í störfum sínum. Þá verður litið til þeirra aðferða sem hægt er að beita til að bæta samskipti á milli deiluaðila sem og árangursríkar aðferðir við upplýsingaöflun. Farið verður yfir grunnatriði í samningatækni og hvernig henni er beitt í sáttamiðlun. Loks verður velt upp ýmsum siðferðilegum álitamálum í sáttamiðlun. Hafa ber í huga að námskeiðið gerir ráð fyrir mikilli þátttöku nemenda.

Lærdómsviðmið:

Nemandi sem hefur lokið við sáttamiðlun getur:

Þekking

- Gert grein fyrir uppbyggingu á sáttamiðlunarferlinu
- Gert grein fyrir þeim álitamálum sem upp geta komið í sáttamiðlun
- Gert grein fyrir þeim laga- og siðferðilegum vangaveltum sem sáttamiðlunarferlið getur leitt af sér

Leikni

- Undirbúið sig fyrir krefjandi sáttamiðlun,
- Tekist á við ólíka aðila í sáttamiðlun með árangursríkum hætti
- Tekist á við mismunandi álitamál sem upp koma í sáttamiðlun

Hæfni

- Brugðist við þeim áskorunum sem upp koma í sáttamiðlunarferlinu
- Forgangsráðað álitamálum í sáttamiðlun,
- Sýnt sjálfstraust til að takast á við ólík deilumál sem sáttamiðlari

Námsmat:

Verkefnafærslur, þátttaka í tímum og jafningamat



Kennsluaðferðir:

Fyrirlestrar, hópvinna, umræður.